

## **Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfræðingur og sjálfstætt starfandi fræðimaður.**

Sigríður Kristjánsdóttir er fyrrverandi dósent, námsbrautarstjóri og deildarforseti við Lbhí.

Sigríður vinnur að sjálfstæðum verkefnum í land- og skipulagsfræði. Núna er hún að skrifa umsókn fyrir Svæðisgarðinn á Snæfellsnesi sem er að sækja um að verða UNESCO Vistvangur (Man and Biosphere Reserve).

Sigríður lauk doktorsprófi í umhverfisvísindum frá University of Birmingham í Bretlandi, og er með meistaraáráðu í borgarskipulagi og hönnun frá University of Washington, Seattle, Bandaríkjunum þar sem hún nam á Valle námsstyrk og dvaldi hluta úr náminu í Róm á Ítalíu. BSc námið tók hún í landafræði við HÍ.

Sigríður starfaði sem dósent og deildarforseti skipulags- og hönnunardeildar Lbhí. Hún hóf störf við Lbhí 2004 og kenndi skipulagsfræði og studio námskeið á BSc stigi við UMSKið. Hún setti á fót meistaranám í skipulagsfræði og stýrði því í meira en áratug, ásamt því að kenna og byggja upp rannsóknir á fræðasviðinu. Árið 2015 gaf hún út rit sem nefnist Borgarhönnun. Þá hefur hún kennt námskeið við Álaborgar Háskóla fyrir doktorsnema um ritun vísindagreina og leiðbeindi fyrsta og eina doktorsnemanum í skipulagsfræði á Íslandi.

Sigríður hefur reynslu af því að sækja um styrki og er virkur þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Hún var valin sem fulltrúi Íslands í Fulbright Arctic Initiative III og var þá gestakennari við UW, Seattle, ásamt því að heimsækja menntastofnanir í Alaska. Þá dvaldi hún í rannsóknarleyfi í eitt ár við University of Aucklandi á Nýja Sjálandi. Sigríður tekur virkan þátt í norrænu samstarfi og hefur skrifað um ýmsa þætti íslenskra skipulagsmála, norðurslóðamálefni, sjálfbærni og formgerð þéttbýlis. Nýjasta bók Sigríðar er *Nordic Experiences of Sustainable Planning: Policy and Practice* ed. (Routledge 2017).

Sigríður er fædd og uppalin í Eyjafirði þar sem hún starfað um skeið sem skipulagsfulltrúi. Þar kom hún að gerð svæðisskipulags, aðalskipulagsgerð fjögurra sveitarfélaga, rammahluta aðalskipulags á mörkum tveggja sveitarfélaga, vann deiliskipulög og gaf út framkvæmdarleyfi. Ásamt því að taka virkan þátt í íbúalýðræði með opnum kynningum og að sætta ólík sjónarmið hagsmunaaðila. Þá hefur Sigríður verið settur héraðsdómari þegar skera þarf úr ágreiningsmálum varðandi skipulag. Hún hefur því yfirgripsmikla þekkingu á skipulagsfræðum og stjórnsýslu og hefur lært að vera lausnamiðuð. Sigríður stofnaði nýverið fyrirtækið Skipulagsstofa Sigríðar ehf. og tekur að sér ráðgjöf og skipulagsverkefni.